

Landsmót SFÍ 2015

Landsmót Smalahundafélags Íslands var haldið í Einholti á Mýrum síðustu helgina í ágúst. Austurlandsdeildin sá um mótið að þessu sinni en hitann og þungann af mótinu bar Agnar Ólafsson frá Tjörn og hans nánustu. Þar var ekki í kot vísað. Brautin var góð, afgirt en rúmgóð og gott að sjá á brautarenda. Að auki var hún fallega innrömmuð með Vatnajökul í baksýn. Það eru örugglega ekki margar keppnisbrautir sem hafa stærsta jökul Evrópu í göngufæri.



Fleiri myndir í boði Jóns Geirs: <http://smalahundur.123.is/photoalbums/274526/>

Til þáttöku voru skráðir 17 hundar. Þar af 8 í A flokk, 3 í B flokk og 6 í unghundflokk. Allir hundar fengu tvö rennsli og keppt var að 100 stigum hvorn dag.

Unghundar - úrslit.

1. Frigg frá Kýrholti F. Karven Taff M. Loppa frá Dýrfinnustöðum.
Stig 73 + 67 = 140. Smali Aðalsteinn Aðalsteinson.
2. Skutla frá Skálholti F. Karven Taff M. Týra frá Innri Múla.
Stig 60 + 47 = 107. Smali Marzibil Erlendsdóttir.
3. Doppa frá Húsatóftum. F Brúsi frá Brautartungu M.Kría frá Daðast.
Stig 74 + 30 = 104 Smali Aðalsteinn Aðalsteinsson.

B flokkur - Úrslit

1. Kátur frá Eyrarlandi F. Mac Eyrarlandi. M. Lýsa frá Hafnarfirði
stig 77 + 74 = 151 Smali Agnar Ólafsson.
2. Astra Polar Eyvindarmúla innfl. ISDS 00316260
stig 63 + 33 = 96 Smali Kristinn Hákonarson.
3. Gutti frá Hafnarfirði F. Karven Taff M. Ólína frá Hafnarfirði
stig 39 - hætti keppni. Smali Sverrir Möller.

A fl. Opinn flokkur - Úrslit.

1. Kría frá Daðastöðum F. Dan frá Skotlandi. M. Soffía frá Daðastöðum
stig. 72 + 85 = 157 smali Aðalsteinn Aðalsteinsson.
2. Korka frá Miðhrauni. F. Tinni frá Staðarhúsum M. Táta frá Brautartungu
stig 75 + 61 = 136. smali Svanur Guðmundsson.
3. Smali frá Miðhrauni F. Tinni. M Táta
stig 70 + 63. Smali Svanur Guðmundsson.